

Nr. 11.
24.
ágúst.

L ö g

um

birting laga og tilskipana.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Frá 1. ágúst 1878 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum fyrir Ísland, sem nú er í gildi, vera af tekin, og frá sama tíma skal birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær eru konunglegar eða út gefnar af stjórnarráðunum, (en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbrjef og samþykktir, o. s. frv.), sem á sjer stað í stjórnartíðindunum fyrir Ísland (deildinni A), vera skuldbindandi fyrir alla. Að svo miklu leyti sem eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögnum eða tilskipununum, hvenær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, þegar 12 vikur eru liðnar frá þeim degi, er það tölublað kom út af stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sje út komin. Á sjerhverju tölublaði skal tilgreindur sá dagur, er það kemur út.

2. grein.

Hreppstjórar skulu lesa upp á kirkjufundum eða hreppskilápingum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. gr., án þess þó að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau sjeu skuldbindandi; en um birting þeirra tilskipana, sem yfirvöld á Íslandi sjálfu samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingaðtil hafa gilt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 24. dag ágústm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik,

krónprinz.

(L. S.)

J. Nellesmann.

L o v

om

Nr. 11.
24de
August.**Bekjendtgjørelse af Love og Anordninger.**

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Fra 1ste August 1878 bortfalder den hidtil foreffrevne Thinglæsning af Love og Anordninger for Island, og bliver fra samme Tid den Offentliggjørelse saavel af Lovene som af de kongelige og ministerielle Anordninger (derunder indbefattet Aabne Breve, Bekjendtgjørelser, Reglementer, Instruxer, Vedtægter o. s. v.), som finder Sted gennem Regjeringsstidenden for Island (Afdeling A.), den for Alle bindende Bekjendtgjørelsesform. For saa vidt paagjældende Lov eller Anordning ikke indeholder særlig Bestemmelse om, naar samme træder i Kraft, sker dette 12 Uger efter den Dag, da det Nummer af Regjeringsstidenden, Afdeling B., er udgaaet, hvori det bekjendtgjøres, at Loven eller Anordningen er udkommen. Hvert Nummer skal betegne den Dag, da det udgives.

§ 2.

Ligesom de i § 1 nævnte Love og Anordninger ville være at oplæse af Repstyreren ved Kirkefærne eller paa Repstyrer-Thingene, uden at dette dog skal være nogen Betingelse for deres forbindende Kraft, saaledes skal det i Henseende til Bekjendtgjørelsen af de Anordninger, der i Medfør af Lovgivningen kunne udstedes af de stedlige Myndigheder i Island, have sit Forblivende ved de hidtil gjældende Regler.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 24de August 1877.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

I Kongens Navn

Frederik,

Kronprinds.

(L. S.)

J. Nellesmann.